

GANGNASEÐILL 2025



GREINARGERÐ UM STARFSTILHÖGUN FJALLSKILA

Um smölun heimalanda og úrtíning til og frá réttum.

Hver ábúandi er skyldur að hafa aðstöðu til innrekstrar og sundurdráttar á því fé sem úr hans heimalandi kemur. Skal hann sjá um sundurdrátt á því fé sem á að ganga til réttar, svo úrtíningsmenn geti gengið að fénu án tafa. Bílfært sé að geymsluhólfi úrtínings. Það er ekki æskilegt að fé af nágrannabæjum sé flutt til réttar, slíkt veldur óþarfa þvælingi á fé og er mælst til þess að ábúendur og fjáreigendur sjái til þess að það þurfi ekki að verða nema í litlu mæli.

Fjallskiladeild sér um flutning á úrtíningi til fyrstu og annarar réttar og svo utansveitar fé úr þriðju heimalandasmölun.

Fjáreigandi sér um sitt fé, af þeirri rétt sem hann á sókn til.

Úrtíningsmenn sækja fé á Þverárrétt og Fótarrétt. Skulu þeir flytja féð til réttra eigenda, allt að einni kind. Er nóg að sleppa fé í girðingar við veginn til að spara akstur. Fjallskiladeild sér ekki um flutning á úrtíningsfé á milli gangna, né eftir að réttum er lokið, öðru en utansveitarfé, til eða frá.

Þar sem aðeins eru auglýstar á gangnaseðli tvennar smalanir á heimalöndum, er áhersla lögð á að allir sinni því af vandvirkni, jafnt ógirt land sem afgirt, ef fjár er von.

Fjallskilastjóri áskilur sér rétt til að boða fleiri smalanir ef tvennar leitir að hausti duga ekki.

Ef fé finnst í heimalöndum eftir að smölun er lokið og það megi rekja til þess að illa eða ekki hafi verið smalað, skal viðkomandi bóndi sjá til þess að það komist til réttra eigenda.

FJALLSKILASTJÓRI

Fjallskil í Tungudeild haustið 2025

	Vetrar fóðrað Fjár- tala	Gangna- kostn. á kind 650	BLEIKSMÝRRARDALUR					AUSTURDALIR								
			Vestur Sandar og Miðpartur 1.g 2.g		Austur Bleiksm.d 2. g	Skarðs- dalur 1.g 2.g		Timburvalla- dalur 1.g	Hjaltadalur 1. g 2.g		Belgsárdalur 1.g 2.g		Bæjar- rekstur 1.g 2g		Bíla- kostn.	Skuld
Reykir 2	17	11.050														11.050
Steinkirkja	25	16.250														16.250
Veturliðastaðir	37	24.050											10.000			14.050
Brúnagerði	8	5.200														5.200
Nes	22	14.300														14.300
Hrisgerði	136	88.400	30.000	20.000		20.000									10.000	8.400
Kambsstaðir	310	201.500	90.000	40.000			20.000								30.000	21.500
Birkihlíð	11	7.150														7.150
Fnjóskadalur								30.000								
Bárðardalur								30.000								
Samtals	566	367.900	120.000	60.000	0	20.000	20.000	60.000	0	0	0	0	10.000	0	40.000	97.900

Tilhögun fjallskila haustið 2025

Bleiksmýrrardalur og Skarðsdalur:
Fyrstu göngur verða 5.-6. september
Réttáð á Reykjum 7. september.
Aðrar göngur verða 27.-28. september

Timburvalladalur:
Fyrstu göngur 6. september
Aðrar göngur verða 4. október

Hjaltadalur:
Kannaður 9. sept.

Heimalönd í Vaðlaheiði.
Smalað verður 6. september og aftur 4. október.
Reykjafjall, Illugastaðir og Selland verða smöluð 13. september.
Heimalönd austan Fnjóskár suður að Belgsá:
Smalað verður 14. september.
Önnur smölun 4. október

Skuldir eru með gjalddaga 1. des. 2025 og óskast greiddar fyrir 15. des. 2025.
Reikningur 1110-26-113131 - kennitala 6211861169

Gangnastjórar verða:
Á Bleiksmýrrardal maður frá Kambsstöðum og bíll.
Timburvalladalur, Hermann R: Herbertsson
Hjaltadalur, Hermann R: Herbertsson
Gangnastjórar ákveða brottfarartíma.

Um úrtíning úr Bárðardal í fyrstu og öðrum göngum sér Hermann R. Herbertsson
Um úrtíning úr Eyjafirði í fyrstu og öðrum göngum sér Þuríður Davíðsdóttir
Eins og gangnaseðillinn ber með sér er dagsverkið metið á 10.000 kr., sem er:
Austurdalagöngur 2 dagsverk og Sandagöngur 3 dagsverk (2 dagsverk aðrar göngur).
Önnur gangnasvæði eru 1 dagsverk.

Með ósk um gott samstarf og góða ferð í göngurnar.

Hermann R. Herbertsson
Ketill Tryggvason
Asgeir Sigurðsson